

HÚSÖNDIN

14.tbl. 3.árg.
15. apríl 2020

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:
8492804



AFMÆLISBÖRN DAGANA 9. -22. APRÍL

- 10.4. Guðrún María Valgeirsdóttir
- 13.4. Helgi Héðinsson, Halla Bergrún Davíðsdóttir
- 14.4. Sigríður Jóhannesdóttir
- 15.4. Baldvin Þór Jóhannesson, Bjartur Arnarsson
- 17.4. Örn A Hauksson, Sæmundur H. Ásgeirsson Muller
- 18.4. Susi Haugaard, Sigurbjörn Ásmundsson
- 19.4. Stefán Jón Pétursson
- 20.4. Gísli Rafn Jónsson
- 21.4. Júlía Brá Stefánsdóttir
- 22.4. Kristján Steingrímsson, Gunnhildur Stefánsdóttir



Tillögur óskast um verndar- og viðspyrnuaðgerðir



Sveitarstjórn Skútustaðahrepps hefur samþykkt 15 verndar- og viðspyrnuaðgerðir Skútustaðahrepps vegna COVID-19. Ein af aðgerðunum felst í virku samráði og samtali sveitarstjórnar, íbúa og rekstraraðila þar sem óskað er eftir tillögum til sveitarstjórnar um verndar- og viðspyrnuaðgerðir.

Allar tillögur verða skoðaðar af sveitarstjórn. Vinsamlega sendið ykkar hugmyndir á netfangið **thorsteinn@skutustadahreppur.is**.

Skútustaðahreppur

DANÍEL STARRASON LJÓSMYNDARI

LJÓSMYNDUN MEÐ SÍMANUM

Stutt tveggja kvölda ljósmyndanámskeið með áherslu á notkun snjallsíma. Farið er yfir myndbyggingu og góð ráð við myndatöku og hvernig nýta má símann til að ná sem bestum myndum.



22.OG 29.APRÍL
KL.20-21. FJARKENNSLA
VERÐ: 12.000 KR.

SKÁNING Á WWW.HAC.IS EÐA HAC@HAC.IS



ATHUGIÐ

Allir sem greiða í Framsýn og Verkalýðsfélag Þórshafnar fá námskeiðið sér að kostnaðarlausu. Athugið að námskeiðin eru öllum opin og minnum við aðra en félagsmenn þessara félaga á að kanna rétt sinn hjá sínu stéttarfélagi

15 verndar- og viðspyrnuaðgerðir Skútustaðahrepps vegna COVID-19



Sveitarstjórn Skútustaðahrepps hefur sett saman 15 verndar- og viðspyrnuaðgerðir sem felast annars vegar í áskorun til ríkisins um sértækar aðgerðir og hins vegar um vernd og viðspyrnu sveitarfélagsins fyrir starfsemi sína, íbúa og rekstraraðila:

1. Í ljósi þess að Skútustaðahreppur er mjög háður afkomu ferðapjónustunnar er ljóst að stefnt gæti í 25% atvinnuleysi og jafnvel meira í sveitarfélaginu á næstu mánuðum. Jafnframt verður sveitarfélagið fyrir gríðarlega miklu höggi vegna lækkunar á útsvarstekjum sem gæti numið um 21,6% af heildartekjum sveitarfélagsins miðað við verstu spá. Sveitarstjórn skorar á ríkisvaldið að koma með sértækar viðspyrnuaðgerðir fyrir sveitarfélög sem sérstaklega eru háð afkomu ferðapjónustunnar og sjá fram á mikið atvinnuleysi og tekjusakdrátt líkt og í tilfalli Skútustaðahrepps.
2. Fyrir liggja sex tillögur í sameiginlegu nýsköpunarverkefni Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar sem nefnist Nýsköpun í norðri. Flestum tillögunum er hægt að hrinda strax af stað og eru viðspyrna fyrir atvinnulíf svæðisins og aukinn viðnámsþróttur íslensks samfélags m.t.t. loftslagsmála, matvælaframleiðslu og byggðafestu.
3. Að ríkið nýti einstakt tækifæri og festi kaup á Hótel Gíg (gamla grunnskólann) sem gestastofu Vatnajökulspjóðgarðs í Mývatnssveit. Þar er hægt að byggja upp gestastofu ásamt þekkingarsetri, mennta- og menningarsetri. Sveitarfélagið er tilbúið til þess að koma að málinu með öflugum hætti.
4. Sveitarstjórn hefur þegar samþykkt að fresta allt að þremur gjalddögum fasteignagjalda íbúða- og atvinnuhúsnæðis.
5. Gjöld leikskóla lækkuð í samræmi við notkun á þjónustu. Sem fyrir verður matur í leikskóla og grunnskóla ókeypis sem og frístund grunnskóla.
6. Gildistími þrekkorta í íþróttamiðstöð framlengdur.
7. Stuðningur til heilsuefingar þar sem horft verður til verkefnisins Hamingja Mývetninga. Boðið verður m.a. upp á uppbyggileg námskeið og stuðning fyrir íbúa í samstarfi við Sálfræðiþjónustu Norðurlands.
8. Velferðarþjónusta verður eflað í samstarfi við félagsþjónustu Norðurlands.

9. Virkt samráð og samtal sveitarstjórnar, íbúa og rekstraraðila þar sem óskað verður eftir tillögum til sveitarstjórnar um viðspyrnuaðgerðir. Sendið tillögur á thorsteinn@skutustadahreppur.is

10. Í samræmi við tillögur atvinnumála- og framkvæmdanefndar verður farið í nýframkvæmdir og viðhaldsframkvæmdir í samræmi við fjárfestingaáætlun ársins 2020 en í stað þess að greiða þær með veltufé sem ekki er lengur til staðar verður farið í lántöku til að efla atvinnulífið.

11. Farið verður í átaksverkefni fyrir sumarstarfsfólk í samstarfi við Vinnumálastofnun og fyrir háskólafolk í samstarfi við Þekkinganet Þingeyinga til að fjölga atvinnutækifærum.

12. Vinnuskólinn verður starfræktur á ný fyrir ungmenni í samstarfi við ungmennaráð verði eftirspurn eftir því.

13. Sveitarstjórn samþykkir að auka hlutafé sitt í nýsköpunarfyrirtækinu Mýsköpun.

14. Stutt verður við bakið á nýsköpunarverkefnum í Nýsköpun í norðri.

15. Stutt verður við bakið á markaðsátaki fyrir Mývatnssveit í samstarfi við Mývatnsstofu.

Tilnefningar óskast til menningarverðlauna 2020



Velferðar- og menningarmálanefnd auglýsir eftir tilnefningum og ábendingum vegna menningarverðlauna Skútustaðahrepps 2020.

Einstaklingar, hópar eða félagasamtök geta hlotið nafnbótina og tilnefningu skal gjarnan fylgja stutt greinargerð um viðkomandi. Þar skal fara yfir starf, viðburði og/eða þátt viðkomandi í að auðga menningar- og félagslíf í sveitarfélaginu og vera öðrum fyrirmynd. Rétt til að tilnefna hafa öll félög og íbúar í Skútustaðahreppi.

Reglur um menningarverðlaun má finna inni á heimasíðu Skútustaðahrepps (undir Stjórnsýsla > Reglugerðir, samþykktir og stefnur).

Tilnefningar skal senda á netfangið

skutustadahreppur@skutustadahreppur.is fyrir 1. maí n.k.

Verðlaunin verða afhent á hátíðarhöldunum þann 17. júní n.k.

Skútustaðahreppur



Hugrún geðfræðslufélag hefur sett í loftið vefsíðuna gedfraedsla.is. Félagið er rekið í sjálfbodaðliðastarfi af háskólanemum og snýr öll starfsemi félagsins að því að bæta geðheilsu ungmenna á Íslandi og auka aðgengi að upplýsingum um geðheilsu.

Á síðunni má nálgast upplýsingar um geðheilsu, geðraskanir og úrræði. Nú sem aldrei fyrr er sérlega mikilvægt að hlúa að geðheilsunni, þekkja helstu einkenni geðraskanana og vita hvert á að leita ef eitthvað kemur upp. Á síðunni eru allar þessar upplýsingar settar fram með skýrum hætti og á mannamáli. Síðan er líka í boði á ensku og pólsku en þrátt fyrir mikinn fjölda aðfluttra Íslendinga er oft erfitt að nálgast áreiðanlegar upplýsingar um geðheilsu og úrræði á öðrum tungumálum en íslensku.

Hluti síðunnar er tileinkaður foreldrum, forsjáraðilum og skólustarfsmönnum og þar eru leiðbeiningar til að opna á umræðu við ungmenni um þessi mál með markvissum hætti og veita þeim geðfræðslu. Slík fræðsla er mikilvæg fyrir ungt fólk og samfélagið allt. Hún getur aukið vitneskju, dregið úr fordómum, dregið úr alvarleika vandans og auðveldað ungu fólk að leita til einhvers sem þau treysta þegar þau upplifa andlega erfiðleika.

Í kjölfar útgáfunnar birti félagið, ásamt Landssamtökum íslenskra stúdenta og Sambandi íslenskra framhaldsskólanema, ákall þar sem biðlað er til foreldra að nota leiðbeiningarnar á síðunni til að ræða geðheilsu við ungmenni, kynna fyrir þeim einkenni helstu geðraskanana og þau úrræði sem standa til boða á Íslandi. Geðfræðsla er ekki fastur liður af skólastarfi á neinu skólastigi á Íslandi og því vilja félögin biðja foreldra að sinna geðfræðslu, svo ungu fólk á Íslandi sé tryggð sú nauðsynlega fræðsla. Samtal um þessi mál heima fyrir er líka mikilvægt því það opnar á nauðsynlega umræðu og eykur líkur á því að ungmenni treysti sér til að ræða vandamál sem geta komið upp.

Félagið hvetur öll til að vera huguð, fræðast um geðheilsu og ræða hana heima!

Ákallið má finna hér: <https://gedfraedsla.is/akall>



Þekkingarnet
Þingeyinga

FJARNÁMSKEIÐ FYRIR ÞJÓNUSTUAÐILA

AÐ TAKAST Á VIÐ ERFIÐA VIÐSKIPTAVINI (22. APRÍL KL. 13-15)

*Leiðbeinandi: Eypór Eðvarðsson, M.A. í
vinnusálfræði, þjálfari og ráðgjafi hjá
Þekkingarmiðlun*

Á NÁMSKEIÐINU ER FARIÐ YFIR KVARTANIR
OG MIKILVÆGI ÞEIRRA Í AÐ NÁ ÁRANGRI.
FARIÐ VERÐUR Í LEIÐIR TIL AÐ TAKAST Á VIÐ
ERFIÐAR AÐSTÆÐUR Í ÞJÓNUSTU EINS OG AÐ
SEGJA NEI ÞEGAR VIÐSKIPTAVINUR VILL EKKI FÁ
NEITT ANNAÐ EN JÁ. EINNIG HVERNIG BEST ER AÐ
TAKAST Á VIÐ REIÐI OG TILFINNINGAHITA
VIÐSKIPTAVINA.

VERÐ: 9500KR
SKRÁNING Á HAC.IS EÐA HAC@HAC.IS

*Félagsmenn í Framsýn og Verkalýðsfélagi Þórshafnar fá
námskeiðið sér að kostnaðarlausu.*

*Athugið að námskeiðin eru öllum opin og minnum við aðra
en félagsmenn þessara félaga á að kanna rétt sinn hjá sínu
stéttarfélagi.*